

Framhalds aðalfundur FHB haldinn 11.12.2021 í fjarfundarbúnaði af völdum Covid.

#### Dagskrá

1. Tillaga um breytingar á samþykktum Félags hrossabænda.
2. Tillaga að samþykktum fyrir deild hrossabænda í Bændasamtökum Íslands.
3. Meðferð fjármuna félagsins 2022.
4. Áskorun til stjórnvalda um bann við blóðtöku úr hrossum.
5. Önnur mál.

Formaður setti fundinn og skipaði starfsmenn fundarins og lagði til Unnstein Snorra sem fundarstjóra og Eystein Leifsson ritara.

Formaður rifjaði það helsta sem var til umræðu áður en ákveðið var að fresta aðalfundinum 13.nóvember. Fundinum var svo frestað til að hægt væri að gera breytingar á samþykktum Félags hrossabænda og að undirbúa drög að samþykktum fyrir deild hrossabænda í BÍ. Eins og kynnt var og almenn ánægja var með voru þau Hrafnkell Karlsson, Helgi Eggertsson og Guðný Helga Björnsdóttir fengin til að vinna að breytingum á samþykktum FHB sem og að útbúa drög að samþykktum fyrir deild hrossabænda. Þessari vinnu hafa þau skilað til stjórnar og eru drög til afgreiðslu á fundinum. Þess ber að geta að lögfræðingur B.Í hefur lesið þær yfir án þess að gera athugasemdir. Formaður ræddi einnig það sem upp hefur komið í sambandi við blóðtöku úr fylfullum hryssum, en í kjölfar myndskreiðs sem vakti óhug flestra sem það sáu hefur spunnist mikil umræða um það starf. Stjórn hefur sett sig inní málið og liggur tillaga stjórnar fyrir fundinum til umræðu og afgreiðslu.

2. Sveinn kynnti drög að nýjum samþykktum Félags hrossabænda:

#### **Drög að samþykktum Félags hrossabænda des. 2021**

##### *1. grein.*

*Félagið heitir Félag hrossabænda. Heimili þess og varnarþing er hjá Bændasamtökum Íslands.*

##### *2. grein.*

*Aðild að félaginu geta þeir einir fengið sem eru skráðir meðlimir í Hrossabændadeild Bændasamtaka Íslands. 3. grein.*

*Tilgangur Félags hrossabænda er að:*

*Varðveita eignir félagsins í nánú samráði við búgreinadeild hrossabænda innan BÍ.*

*Annað það sem búgreinaþing greinarinnar kann að ákvarða.*

##### *4. grein.*

*Reikningsár félagsins er frá 1. janúar til 31. desember. Prókúruhafi er gjaldkeri hverju sinni. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Hann skal halda árlega á sama tíma og búgreinaþing hrossabænda er haldið. Aðalfundur, svo og aðra fundi félagsins, skal boða á tryggilegan hátt með a.m.k. 30 daga fyrirvara. Á aðalfundi gilda almenn fundarsköp.*

##### *5. grein.*

*Á aðalfundi skal:*

- a) Flutt skýrsla um störf stjórnar.*
- b) Lagðir fram og skýrðir endurskoðaðir reikningar félagsins.*
- c) Staðfesta stjórn.*
- d) Kjósa skoðunarmenn.*

##### *6. grein.*

*Allir fullgildir félagar í Félagi hrossabænda og Hrossabændadeildar BÍ, eiga seturétt á aðalfundi félagsins með fullum réttindum.*

*Heimilt er að halda aðalfund með aðstoð fjarfundarbúnaðar.*

##### *7. grein.*

*Í stjórn félagsins eru aðeins kjörgengir þeir sem sitja í stjórn Hrossabændadeildar BÍ, samanber 10. og 12 gr. samþykktu Bændasamtaka Íslands og grein 7.4 í samþykktum Hrossabændadeildar BÍ.*

*Kosning og verkaskipting stjórnar fer eftir 7.1 gr. samþykktu Hrossabændadeildar BÍ.*

##### *8. grein.*

*Formaður félagsins boðar til stjórnarfunda svo oft sem þurfa þykir. Krefjist tveir stjórnarmenn, eða fleiri, fundar ber formanni að boða til hans. Stjórnarfund skal boða með minnst fimm daga fyrirvara. Stjórn getur skipað starfsnefndir*

*í einstaka málaflokka, og/eða gert tillögu til aðalfundar um slíkt, sé það talið henta.*

*9. grein.*

*Eignum félagsins verður aðeins ráðstafað í þágu greinarinnar með samþykki aðalfundar.*

*10. grein.*

*Tekjur félagsins skulu vera:*

*a) Tekjur samkvæmt ákvörðun aðalfundar hverju sinni.*

*b) Aðrar tekjur.*

*11. grein.*

*Lagabreytingar verða aðeins gerðar á aðalfundi félagsins og þarf til þess samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi.*

*12. grein.*

*Félagið hættir störfum ef það er samþykkt í formi lagabreytinga á aðalfundi. Eignir félagsins skulu þá afhentar Bændasamtökum Íslands.*

*13 grein*

*Ákvæði samþykkt þessara gilda frá og með 1. janúar 2022*

*Þannig samþykkt á aðalfundi Félags hrossabænda 11. desember 2021.*

Fundarstjóri lagði drögin til atkvæða og voru þau samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

Formaður kynnti drög að Hrossabændadeild B.Í sem voru svona fyrir örlitla breytingu:

Fundarmenn voru sammála um að fara í gegnum hverja gr. fyrir sig en samþykkja drögin í heild sinni, en ekki koma með athugasemdir eða breytinga tillögur við einstaka greinar.

## **SAMÞYKKTIR HROSSABÆNDADEILDAR BÍ**

**DRÖG**

**1. gr.**

*Hrossabændur á Íslandi mynda með sér félag sem heitir Hrossabændadeild Bændasamtaka Íslands og er hluti af Bændasamtökunum. Heimili og varnarþing þess er á skrifstofu Bændasamtaka Íslands.*

**2. gr.**

*Tilgangur Hrossabændadeildar BÍ er að:*

- a. Vera málsvari félagsmanna og koma fram fyrir þeirra hönd.*
- b. Vinna ötullega að ræktun og stofnvernd íslenska hestsins og viðhalda erfðabreidd hans.*
- c. Glæða áhuga fyrir hrossarækt og hestamennsku með öflugum fræðslu- og kynningarstarfi.*
- d. Vinna að sölumálum og kynningarstarfi fyrir reiðhesta, kynbótahross og hrossaafurðir.*
- e. Stuðla að góðu uppeldi, aðbúnaði og meðferð hrossa.*
- f. Hafa nána samvinnu við Félag tamningamanna og Félag járningarmanna um mál sem stuðlað geta að betri aðbúnaði og velferð hrossa.*
- g. Standa fyrir fræðslu um meðferð beitalands og mikilvægi góðrar umgengni um náttúru landsins.*
- h. Hafa forystu um þróun og stjórnun World Fengs*
- i. Sjá um skipun í fagráð hrossaræktar og vera leiðandi í allri þróun greinarinnar, mótun ræktunarstefnu og skýrsluhaldi.*
- j. Vinna ber að því að sameina alla hrossabændur innan vébanda Bændasamtaka Íslands til að efla slagkraft greinarinnar.*

**3. gr.**

*3.1. Rétt til aðildar að deild hrossabænda hafa einstaklingar og lögaðilar sem stunda hrossabúskap og aðra tengda starfsemi. Einnig skulu þeir vera félagsmenn í Bændasamtökum Íslands og greiða félagsgjöld til samtakanna samkvæmt ákvörðun Búnaðarþings hverju sinni.*

*3.2. Hrossabændadeild Bændasamtaka Íslands ber ábyrgð á skuldbindingum sínum, en ekki einstakir félagsmenn.*

*3.3. Einungis félagsmenn með fulla aðild, sbr. liði 3.1, geta gegnt trúnaðarstörfum fyrir deildina.*

**4. gr.**

*Full félagsaðild fellur niður uppfylli félagsmenn ekki öll skilyrði um félagsaðild, skv. grein 3.1.*

Segi félagsmenn sig úr félaginu tekur úrsögnin þegar gildi.

5. gr.

5.1. Búgreinaping skal halda árlega og hefur það æðsta vald í öllum málefnum deildarinnar.

5.2. Búgreinaping sitja, með fullum réttindum, þeir sem uppfylla skilyrði skv. gr. 3.1.

5.3. Búgreinapingið er opið til áheyrnar öllum félagsmönnum. Óski fleiri aðilar en hér er getið um eftir að sitja þingið með málfrelsi og tillögurétt skal það borið undir fundinn.

5.4. Á dagskrá skal vera:

Skýrsla formanns deildar og tengiliðar BÍ.

Fjármál deildarinnar

Tillögur lagðar fram.

Umræður og afgreiðsla tillagna.

Staðfest rekstraráætlun næsta árs.

Kosning stjórnar og varamanna.

Kosning aðalfulltrúa og varafulltrúa á Búnaðarþing samkvæmt lögum Bændasamtaka Íslands.

Kosning fulltrúa í fagráð.

Önnur mál.

5.5. Búgreinaping skal boða í samráði við stjórn BÍ og framkvæmdastjóra þess, með a.m.k. 30 daga fyrirvara og halda eigi síðar en þremur vikum fyrir Búnaðarþing. Búgreinaping er löglegt sé löglega til þess boðað.

6. gr.

Aukaping skal halda þyki stjórn hrossabændadeildarinnar sérstök nauðsyn bera til og jafnan þegar 1/3 félagsmanna óskar þess, enda sé þá fundarefni tilgreint. Aukaping skal boða með minnst 7 daga fyrirvara. Um rétt til fundarsetu á aukapingum gilda sömu reglur og á Búgreinapingi.

7. gr.

7.1. Stjórn deildarinnar skipa 5 menn, kosnir til þriggja ára og þrjú til vara. Skulu þeir kosnir þannig að formaður er kosinn sérstaklega þriðja hvert ár og tveir meðstjórnendur hvort hinna árunna. Stjórnin skiptir að öðru leiti með sér verkum. Árlega skal kjósa þrjú varamenn og skulu þeir taka sæti 1., 2. og 3. varamanns eftir fjölda atkvæða. Þeir einir eru í kjöri sem eru löglegir aðilar skv. grein 3.1.

Ákvæði til bráðabirgða:

Eftir fyrstu kosningu deildarinnar þegar allir stjórnarmenn eru kjörnir í einu skal setu þeirra skipað sem hér segir: Fyrsta kjörtímabil formanns verða eitt ár. Tveir stjórnarmenn skulu kosnir eftir tvö ár og tveir kosnir eftir þrjú ár. Hlutkesti ræður því hvaða stjórnarmenn hljóta tveggja eða þriggja ára kjörtíma.

7.2. Formaður tekur jafnframt sæti í Búgreinaráði Bændasamtaka Íslands.

7.3. Kosning fulltrúa félagsins á Búnaðarþing skal fara fram á aðalfundi deildarinnar og eru allir félagsmenn kjörgengir sem uppfylla skilyrði í samþykktum BÍ. Formaður stjórnar er sjálfkjörinn og tekur varaformaður sæti hans í forföllum. Ef velta greinarinnar í félagsgjöldum og fjöldi félagsmanna leyfir fleiri fulltrúa, að mati stjórnar BÍ, skal kosning annarra Búnaðarþingsfulltrúa fara fram. Jafn margir varafulltrúar skulu kosnir. Stjórn deildarinnar skal tilkynna stjórn BÍ hverjir eru réttkjörnir Búnaðarþingsfulltrúar deildarinnar eigi síðar en tveimur vikum fyrir Búnaðarþing.

7.4. Fagráð greinarinnar starfar á grunni Búnaðarlaga nr. 70, frá 1998. Fagráðið skal skipað fulltrúum starfandi bænda sem eru aðilar að BÍ og skal Búgreinaping ákvarða hvernig það skuli skipað og kjósa fulltrúa samkv. gr. 5.4.

7.5. Löglega kosin stjórn deildarinnar er jafnframt stjórn Félags hrossabænda.

8. gr.

8.1. Hlutverk stjórnar er að vinna að hagsmunum félagsmanna innan Bændasamtaka Íslands í gegnum búgreinadeild samtakanna, annast málefni félagsins milli félagsfunda og sjá um að þau séu jafnan í sem bestu horfi.

8.2. Undirskriftir allra stjórnarmanna þarf til að skuldbinda deildina.

9. gr.

9.1. Formaður boðar til stjórnarfunda, eða annar í hans umboði, þegar ástæða þykir til og stjórnar þeim. Þó er honum skylt að boða fund ef tveir stjórnarmenn eða fleiri óska þess, enda sé þá fundarefnið tilgreint. Stjórnarfundur er lögmætur sé meirihluti stjórnar á fundi.

9.2. Stjórn deildarinnar skal skrá fundargerðir á fundum sínum. Fundargerðir skulu birtar á vefsvæði Bændasamtaka Íslands svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en að loknum næsta stjórnarfund. Stjórn er heimilt að skrá einstaka liði fundargerðar í trúnaðarbók, sem ekki eiga erindi til birtingar á heimasíðu BÍ. Stjórnarmenn skulu staðfesta afrit af fundargerðinni með undirskrift sinni og skal stjórn sjá til þess að þau afrit séu varðveitt með tryggilegum hætti.

10. gr.

10.1. Stjórn deildarinnar skal yfirfara félagatal eigi síðar en 31. desember ár hvert.

10.2. Mál sem taka á til afgreiðslu á Búgreinapíngi deildarinnar skulu hafa borist skrifstofu Hrossabændadeildar Bændasamtakanna eigi síðar en 20 dögum fyrir Búgreinapíng. Öll gögn sem leggja á fram, til umfjöllunar eða afgreiðslu, skulu birt á vefsvæði BÍ eigi síðar en 10 dögum fyrir setningu Búgreinapíngs. Búgreinapíng getur þó ákveðið að taka til afgreiðslu mál sem koma síðar fram.

11. gr.

Samþykktum þessum má aðeins breyta á Búgreinapíngi eða aukabúgreinapíngi, sem boðað er til þess sérstaklega. Tillögur þar um skulu kynntar félagsmönnum eigi síðar en 20 dögum fyrir búgreinapíng. Ná þær því aðeins fram að ganga að 2/3 hluti fundarmanna greiði þeim atkvæði.

12. gr.

Leggist starfsemi hrossabændadeildar Bændasamtaka Íslands niður og félaginu slitið skulu eigur þess, ef einhverjar eru, ganga til Bændasamtaka Íslands.

13. gr.

Ákvæði samþykta þessara gilda frá og með 1. janúar 2022.

Drög aðalfundi Félags Hrossabænda 11. desember 2021

Í umræðum um drögin komu fram ábendingar varðandi 2. Gr hvort ekki væri rétt að hafa þetta hagsmuna og fagfélög almennt í stað þess að nefna eingöngu félögin sérstaklega, fleiri tóku undir þetta að liðurinn mætti vera almennari.

Guðrún Stefánsdóttir nefndi einnig að röðun í 2. Gr mætti endurskoða út frá mikilvægi þeirra.

Þónokkur umræða varð að sérstöku orðalagi greinarinnar

Liður f) myndi hljóma þannig eftir breytingu:

Hafa samvinnu við önnur félög um mál sem stuðlað geta að betri aðbúnaði og velferð hrossa.

Eftir breytingu á 2.gr voru drögin samþykkt samhliða og hljóða þannig eftir breytingu:

## **SAMÞYKKTIR HROSSABÆNDADEILDAR BÍ**

1. gr.

Hrossabændur á Íslandi mynda með sér félag sem heitir Hrossabændadeild Bændasamtaka Íslands og er hluti af Bændasamtökunum. Heimili og varnarþing þess er á skrifstofu Bændasamtaka Íslands.

2. gr.

1. Tilgangur Hrossabændadeildar BÍ er að:

2. Vera málsvari félagsmanna og koma fram fyrir þeirra hönd.

3. Vinna ötullega að ræktun og stofnvernd íslenska hestsins og viðhalda erfðabreidd hans.

4. Sjá um skipun í fagråd hrossaræktar og vera leiðandi í allri þróun greinarinnar, mótun ræktunarstefnu og skýrsluhaldi.

5. Hafa forystu um þróun og stjórnun World Fengers

6. Glæða áhuga fyrir hrossarækt og hestamennsku með öflugum fræðslu- og kynningarstarfi.

7. Vinna að sölumálum og kynningarstarfi fyrir reiðhesta, kynbótahross og hrossaafurðir.

8. Stuðla að góðu uppeldi, aðbúnaði og meðferð hrossa.

9. Hafa samvinnu við önnur félög um mál sem stuðlað geta að betri aðbúnaði og velferð hrossa.

10. Standa fyrir fræðslu um meðferð beitolands og mikilvægi góðrar umgengni um náttúru landsins.

11. Vinna ber að því að sameina alla hrossabændur innan vébanda Bændasamtaka Íslands til að efla slagkraft greinarinnar.

3. gr.

3.1. Rétt til aðildar að deild hrossabænda hafa einstaklingar og lögaðilar sem stunda hrossabúskap og aðra tengda starfsemi. Einnig skulu þeir vera félagsmenn í Bændasamtökum Íslands og greiða félagsgjöld til samtakanna samkvæmt ákvörðun Búnaðarþings hverju sinni.

3.2. Hrossabændadeild Bændasamtaka Íslands ber ábyrgð á skuldbindingum sínum, en ekki einstakir félagsmenn.

3.3. Einungis félagsmenn með fulla aðild, sbr. liði 3.1, geta gegnt trúnaðarstörfum fyrir deildina.

4. gr.

Full félagsaðild fellur niður uppfylli félagsmenn ekki öll skilyrði um félagsaðild, skv. grein 3.1.

Segi félagsmenn sig úr félaginu tekur úrsögnin þegar gildi.

5. gr.

5.1. Búgreinapíng skal halda árlega og hefur það æðsta vald í öllum málefnum deildarinnar.  
5.2. Búgreinapíng sitja, með fullum réttindum, þeir sem uppfylla skilyrði skv. gr. 3.1.  
5.3. Búgreinapíngið er opið til áheyrnar öllum félagsmönnum. Óski fleiri aðilar en hér er getið um eftir að sitja þingið með málfrelsi og tillögurétt skal það borið undir fundinn.  
5.4. Á dagskrá skal vera:  
Skýrsla formanns deildar og tengiliðar BÍ.  
Fjármál deildarinnar  
Tillögur lagðar fram.  
Umræður og afgreiðsla tillagna.  
Staðfest rekstraráætlun næsta árs.  
Kosning stjórnar og varamanna.  
Kosning aðalfulltrúa og varafulltrúa á Búnaðarþing samkvæmt lögum Bændasamtaka Íslands.  
Kosning fulltrúa í fagráð.  
Önnur mál.

5.5. Búgreinapíng skal boða í samráði við stjórn BÍ og framkvæmdastjóra þess, með a.m.k. 30 daga fyrirvara og halda eigi síðar en þremur vikum fyrir Búnaðarþing. Búgreinapíng er löglegt sé löglega til þess boðað.

6. gr.

Aukaþing skal halda þygi stjórn hrossabændadeildarinnar sérstök nauðsyn bera til og jafnan þegar 1/3 félagsmanna óskar þess, enda sé þá fundarefni tilgreint. Aukaþing skal boða með minnst 7 daga fyrirvara. Um rétt til fundarsetu á aukapíngum gilda sömu reglur og á Búgreinapíngi.

7. gr.

7.1. Stjórn deildarinnar skipa 5 menn, kosnir til þriggja ára og þrjú til vara. Skulu þeir kosnir þannig að formaður er kosinn sérstaklega þriðja hvert ár og tveir meðstjórnendur hvort hinna áráanna. Stjórnin skiptir að öðru leiti með sér verkum. Árlega skal kjósa þrjú varamenn og skulu þeir taka sæti 1., 2. og 3. varamanns eftir fjölda atkvæða. Þeir einir eru í kjöri sem eru löglegir aðilar skv. grein 3.1.

Ákvæði til bráðabirgða:

Eftir fyrstu kosningu deildarinnar þegar allir stjórnarmenn eru kjörnir í einu skal setu þeirra skipað sem hér segir: Fyrsta kjörtímabil formanns verða eitt ár. Tveir stjórnarmenn skulu kosnir eftir tvö ár og tveir kosnir eftir þrjú ár. Hlutkesti ræður því hvaða stjórnarmenn hljóta tveggja eða þriggja ára kjörtíma.

7.2. Formaður tekur jafnframt sæti í Búgreinaráði Bændasamtaka Íslands.

7.3. Kosning fulltrúa félagsins á Búnaðarþing skal fara fram á aðalfundi deildarinnar og eru allir félagsmenn kjörgengir sem uppfylla skilyrði í samþykktum BÍ. Formaður stjórnar er sjálfkjörinn og tekur varaformaður sæti hans í forföllum. Ef velta greinarinnar í félagsgjöldum og fjöldi félagsmanna leyfir fleiri fulltrúa, að mati stjórnar BÍ, skal kosning annarra Búnaðarþingsfulltrúa fara fram. Jafn margir varafulltrúar skulu kosnir. Stjórn deildarinnar skal tilkynna stjórn BÍ hverjir eru réttkjörnir Búnaðarþingsfulltrúar deildarinnar eigi síðar en tveimur vikum fyrir Búnaðarþing.

7.4 Fagráð greinarinnar starfar á grunni Búnaðarlaga nr. 70, frá 1998. Fagráðið skal skipað fulltrúum starfandi bænda sem eru aðilar að BÍ og skal Búgreinapíng ákvarða hvernig það skuli skipað og kjósa fulltrúa samkv.gr. 5.4.

7.5. Löglega kosin stjórn deildarinnar er jafnframt stjórn Félags hrossabænda.

8. gr.

8.1. Hlutverk stjórnar er að vinna að hagsmunum félagsmanna innan Bændasamtaka Íslands í gegnum búgreinadeild samtakanna, annast málefni félagsins milli félagsfunda og sjá um að þau séu jafnan í sem bestu horfi.

8.2. Undirskriftir allra stjórnarmanna þarf til að skuldbinda deildina.

9. gr.

9.1. Formaður boðar til stjórnarfunda, eða annar í hans umboði, þegar ástæða þykir til og stjórnar þeim. Þó er honum skylt að boða fund ef tveir stjórnarmenn eða fleiri óska þess, enda sé þá fundarefnið tilgreint. Stjórnarfundur er lögætur sé meirihluti stjórnar á fundi.

9.2. Stjórn deildarinnar skal skrá fundargerðir á fundum sínum. Fundargerðir skulu birtar á vefsvæði Bændasamtaka Íslands svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en að loknum næsta stjórnarfundu. Stjórn er heimilt að skrá einstaka liði fundargerðar í trúnaðarbók, sem ekki eiga erindi til birtingar á heimasíðu BÍ. Stjórnarmenn skulu staðfesta afrit af fundargerðinni með undirskrift sinni og skal stjórn sjá til þess að þau afrit séu varðveitt með tryggilegum hætti.

10. gr.

10.1. Stjórn deildarinnar skal yfirfara félagatal eigi síðar en 31. desember ár hvert.

10.2. Mál sem taka á til afgreiðslu á Búgreinapíngi deildarinnar skulu hafa borist skrifstofu Hrossabændadeildar Bændasamtakanna eigi síðar en 20 dögum fyrir Búgreinapíng. Öll gögn sem leggja á fram, til umfjöllunar eða

afgreiðslu, skulu birt á vefsvæði BÍ eigi síðar en 10 dögum fyrir setningu Búgreinabings. Búgreinabing getur þó ákveðið að taka til afgreiðslu mál sem koma síðar fram.

11. gr.

Samþykktum þessum má aðeins breyta á Búgreinabingi eða aukabúgreinabingi, sem boðað er til þess sérstaklega. Tillögur þar um skulu kynntar félagsmönnum eigi síðar en 20 dögum fyrir búgreinabing. Ná þær því aðeins fram að ganga að 2/3 hluti fundarmanna greiði þeim atkvæði.

12. gr.

Leggist starfsemi hrossabændadeildar Bændasamtaka Íslands niður og félaginu slitið skulu eigur þess, ef einhverjar eru, ganga til Bændasamtaka Íslands.

13.gr.

Ákvæði samþykta þessara gilda frá og með 1. janúar 2022.

### Samþykkt á aðalfundi Félags Hrossabænda með öllum greiddum atkvæðum 11. desember 2021

3. Formaður fór yfir það að mögulega þyrfti FHB í fyrstu að ganga á sjóð félagsins áður en beina aðildin gengur í gegn, væri þar fyrst og fremst verið að tala um þátttöku í HOI og að einhverju leyti rekstur félagsins, en í framhaldinu mun rekstur deildar hrossabænda verða hluti af rekstri Bændasamtakanna. Vignir gjaldkeri félagsins tók undir með Sveini og beindi því til fundarins að þetta þyrfti að ræða.

Fundarmenn tóku undir að nauðsynlegt væri að tryggja framlagið til HOI og samfellu í starfi félagsins, og stóra verkefnið væri að fá félagsmenn til að ganga í B.Í m.a til að tryggja okkar hlutdeild í BÍ og þar með aukna þátttöku í búnaðarþingi.

Fundarstjóri bætti við að nú þegar væri hrossaræktin þriðja stærsta búgreinin eins og staðan er hjá B.Í Spurningar hvort þurfi að greiða gjaldið fyrir 2021 þó svo stutt sé eftir að árinu til að félagsmenn telji inn á búnaðarþing sem löggildir félagsmenn, Unnsteinn taldi svo vera en taldi mögulega þurfa að kanna þetta betur þar sem samþykktin tekur gildi 1.jan 2022.

Ábending að ekki bara stjórn heldur að við öll þyrftum að hvetja okkar félagsmenn til þátttöku í B.Í, og mögulega hringja út til þess. Ljóst er að hin almenna fundarherferð virðist ekki ná nógu vel til fólks og mæting dræm ekki síst þegar um covid áhrif er að ræða.

Formaður tók undir það hversu mikilvægt það væri að við stæðum saman og mynduðum sterka heild til að vinna að málefnum okkar. Það má gera ráð fyrir því að breytingar á félagskerfi bænda taki tíma að þróa og mun taka tíma til að fá svör við ýmsum hlutum. Fundarmenn töldu að það yrðu að vera sýnilegir hagsmunir fyrir félagsmenn, sérstaklega þá stóru sem munu greiða hæsta gjaldið.

Unnsteinn fundarstjóri sagði að nú væri t.d 25% afsláttur af ullarjökkum hjá Icewear fyrir félagsmenn B.Í og mögulega yrðu alltaf tilboð mánaðarins fyrir félagsmenn ☺)

4. Formaður opnaði umræðu um allt sem gengið sambandi umfjöllun um blóðmerahaldið. Stjórn hefur vissulega oft rætt blóðhryssuhaldið, stigvaxandi umfang og áhrif þess og eins hefði allmikil umræða orðið um þetta starf á aðalfundum félagsins. Fyrstu viðbrögð stjórnar eftir að myndbandi var birt hefði verið að senda frá sér eftirfarandi yfirlýsingu : “ *Félags Hrossabænda harmar og fordæmir þau vinnubrögð sem viðhöfð voru og sjást á myndbandi við blóðtöku úr hryssum.*

*Forsvarsmenn félagsins hafa ávallt bent á að velferð hryssna og folalda í blóðhryssnabúsakp þurfi að vera í fyrirrúmi. Það eru því áfall að verða vitni að þeirri meðferð sem sést í myndbandinu. Hvorki aðbúnaður, umgjörð og hvað þá heldur sú illa meðferð sem hryssurnar eru beittar er á nokkurn hátt réttlætlanleg.*

*Það er skýlaus krafa Félags hrossabænda að rannsakað verði það sem fram kemur í myndbandinu og upplýst af hálfu Mast hvernig eftirliti með þessari starfsemi sé og hafi verið háttað og hver beri ábyrgð á þeirri stöðu sem uppi er,,*

*Þrátt fyrir yfirlýsinguna fannst stjórn það einboðið að ræða afstöðu félagsins þar sem ásýnd og velferð hestahalds á Íslandi væri undir, í framhaldinu sendi stjórn félagsins á formenn eftirfarandi drög að tillögu sem framhalds aðfundur félagsins myndi fjalla um.*

*“ Aðalfundur Félags hrossabænda, haldinn 11. desember 2021, skorar á stjórnvöld að bann verði lagt við blóðtöku úr hrossum í því skyni að selja það eða vinna úr því aðrar vörur. Jafnframt er skorað á stjórnvöld að bændum sem hafa stundað blóðtöku úr fylfullum hryssum verði bætt fyrir þau fjárhagslegu áhrif sem þeir verða fyrir við stöðvun þessarar starfsemi, ásamt greinargerð,,*

*Frá því þessi drög voru send formönnum og fram að framhalds aðalfundi skipaði ráðherra málaflokksins starfshóp sem ætlað er að fjalla um starfsemi er varðar blóðtöku úr fylfullum hryssum, regluverkið í kring um hana og eftirlit.*

*Stjórn fagnaði þessu framtaki ráðherra og telur mikilvægt að farið sé vel yfir þessa starfsemi, en stjórn leggur til að jafnframt verði starfshópnum falið að skoða heildarhagsmuni hrossaræktar og hestatengdrar starfsemi við ákvörðun um framtíð blóðtöku úr hryssum og liggur tillaga þess efnis fyrir á fundinum.*

Margir fundarmenn fögnuðu þeirri breytingu og töldu að ekki hefði verið hægt að taka upplýsta ákvörðun útfrá þessu áróðurs myndbandi sem sýnt var, því sé mikilvægt að málið sé skoðað nánar.

Fundarmenn sumir veltu því fyrir sér hvort blóðmerarhaldið og reiðhestaræktun eigi einhverja samleið innan sömu samtaka, en aðrir á því að svo væri.

Sonja Líndal sagði myndbandið væri hræðilegt en þessi blóðtaka gæti verið í fínu lagi og vissi það af eigin raun, en það yrði að gera átak í að laga framkvæmdina, en hún muni alltaf þó greiða hagsmunum faglegrar ræktunar sitt atkvæði þurfi hún að velja um ásýnd og hagsmuni.

Ábending hvort að ekki væri rétt að merkja ætti blóðmerar sérstaklega í WF rétt eins og spatt, þessi hugmynd hefur oft borið á góma innan bæði stjórnar og áður á fundum FHB.

Flestir fundarmenn voru á því að þessi tillaga eftir breytingu sé skynsamlegri en áhyggjur manna eru miklar varðandi þá ímyndarvinnu íslenska hestsins sem við höfum unnið ötulega að og sérstaklega seinustu ár í gegnum HOI.

Ágætar umræður og því m.a velt upp að hross í blóðtökubúskapnum verði mun fleiri en í almennri og skipulagðri hrossarækt, svo var einnig nefnt hver fjárhagslegur ávinningur að þessu starfi væri og hvort að bændur væru í raun að bera mikið úr bitum í þessu starfi.

Nokkrir fundarmenn vildu milda greinargerðina hvað varðar það að þetta eigi ekki samleið með okkar starfi.

Einn fundarmann taldi starfsemina á mjög veikum grunni hvað varðar eftirlit, tiltrú og ímynd búskaparins og drifin áfram af einu fyrirtæki.

Nokkrir fundarmenn hafa áhyggjur af ásýnd hestamenskunnar til framtíðar fyrir komandi kynslóð ef þetta myndi stækka mikið og hvernig viljum við sjá ásýnd hestsins til framtíðar.

Stjórn leggur því eftirfarandi tillögu að áskorun til ráðherra fyrir fundinn :

(Drög að áskorun til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra varðandi blóðtöku úr hryssum.)

Aðalfundur Félags hrossabænda, haldinn 11. desember 2021, fagnar ákvörðun sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um skipan starfshóps sem fjalla á um starfsemi er varðar blóðtöku úr fylfullum hryssum, regluverkið í kring um hana og eftirlit. Fundurinn vill beina því til ráðherra að jafnframt verði skoðaðir heildarhagsmunir hrossaræktar og hestatengdrar starfsemi við ákvörðun um framtíð blóðtöku úr hryssum. Greinargerð

Íslenska hestasamfélagið og samfélag íslenska hestsins á heimsvísu er slegið eftir að myndband frá erlendum dýraverndunarsamtökum var birt í nóvember sl. og ljóst að ímynd íslenska hestsins í upprunalandi sínu hefur beðið hnekki. Sú illa meðferð sem þar kemur fram á fylfullum hryssum er á engan hátt verjandi en að mati fundarins má gera ráð fyrir því að umrætt myndband sé ekki sönn lýsing á almennri meðferð hrossa við blóðtöku í landinu. Engu að síður hefur fundurinn áhyggjur af því að þessi starfsemi eigi ekki samleið með því umfangsmikla starfi sem tengist íslenska hestinum og geti skaðað ásýnd hans og orðspor.

Alþjóðlegt samstarf um íslenska hestinn er afar umfangsmikið. FEIF (feif.org) eru alþjóðleg samtök sem starfa í 22 löndum og telja um 80 þúsund félagsmenn. Hrossarækt og hestamennska er umfangsmikil atvinnugrein hér á landi sem teygir anga sína víða. Má þar nefna ræktun og sölu reiðhesta sem nýtast til almennra útreiða, kynbóta og keppni. Útflutningur hefur aukist verulega á síðustu árum og á þessu ári stefnir í að met verði sett í fjölda útfluttra hrossa, eða yfir 3000 hross. Umfangsmikið og markvisst markaðsstarf hefur verið unnið á undanförunum árum undir merkjum Horses of Iceland. Verkefnið er í höndum Íslandsstofu en helstu bakhjarlar þess eru, íslenska ríkið, ýmis félagasamtök um íslenska hestinn, innanlands sem og erlendis, auk margra fyrirtækja sem hafa hagsmuni af þeirri margháttuðu starfsemi sem tengist íslenska hestinum. Hestatengd ferðaþjónusta er jafnframt umfangsmikil atvinnugrein og víða nátengd annars konar ferðaþjónustu. Reiðmennska og hestamennska er kennd í tveimur háskólum og nokkrum framhaldskólum landsins. Fjöldi starfsgreina og afleiddra starfa má tengja tilvist íslenska hestsins og að mati fundarins ljóst að miklir og víðtækir hagsmunir eru í húfi.

Lögð var fram breytingartillaga varðandi áherslu í greinargerðina. Sú breyting hefur verið sett inní drögin hér að ofan og í kjölfarið var áskorunin til ráðherra samþykkt samhljóða.

Formaður tók til máls og sagði að gríðalega miklu máli skipti að við stöndum fast í fæturnar og fylgjum okkar hagsmunum fast eftir, m.a með að skila inn umsögn með afstöðu okkar við það aukna starfsleyfi sem Ísteka hefur sótt um, Víkingur Gunnarsson taldi það að meðan sú rannsókn á starfseminni væri í gangi væri það fjarstæða í sínum huga að auka starfsleyfi Ísteka.

Því var velt upp að stærð stóðanna yrði takmörkuð út frá landvernd og einnig nægu skjóli fyrir þessa stóru hópa sem væru hjá sumum bændum, einnig spurning hvort Ísteka eigi að vera sjálft í þessum búskap heldur hafa þetta í höndum bænda og þá í smærri einingum.

Sveinn formaður þakkaði góðar umræður á fundinum og hvatti menn til jákvæðra viðbragða við inngöngu í B.Í um leið og hann sleit fundi.